



337. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 11. apríl 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Olga Bjarnadóttir og Viðar Garðarsson.

Dagskrá:

1. Málafni Afrekssjóðs ÍSí

Knútur G. Hauksson formaður Afrekssjóðs ÍSí fór yfir stöðu mála. Sjóðsstjórnin hefur nú lokið við að fara yfir alla reglugerð Afrekssjóðs ÍSí, með tilliti til þeirra athugasemda sem bárust frá sérsamböndunum.

Ýmsar hugmyndir að breyttu fyrirkomulagi komu fram við yfirferð sjóðsstjórnar, sem framkvæmdastjórn telur áhugavert að skoða betur.

Almennar umræður urðu um málafnið og var samþykkt að skoða nánar mögulegar útfærslur á þeim hugmyndum sem sjóðsstjórnin hefur viðrað.

2. Íþróttaping ÍSí

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirkomulag þingsins. Verið er að leggja lokahönd á ritun ársskýrslu ÍSí sem fer í prentun fljótlega.

Skilafrestur framboða rennur út 14. apríl nk.

Skilafrestur tillagna rann út 5. apríl sl. og bárust þrjár tillögur frá sambandsaðilum; ein frá BFSÍ, sameiginleg tillaga KKÍ og KSÍ og ein frá HSP.

Framkvæmdastjóri fór yfir lista yfir mögulegar tillögur framkvæmdastjórnar og þau drög sem tilbúin eru. Umræður urðu um tillögurnar.

Hafsteinn Pálsson skýrði tillögur að breytingum á lögum ÍSí.

Rætt um mögulegar kynningar á Íþróttapinginu.

2. Samráðshópur vegna alþjóðasamnings Evrópuráðsins um samhæfða nálgun í öryggismálum og þjónustu á knattspyrnuleikjum og öðrum íþróttaviðburðum

Lagt fram erindi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu frá ÍSí ofangreindan samráðshóp. Tilnefna þarf karl og konu. Málið verður skoðað á milli funda.

3. Evrópuleikarnir 2023

Búið er að úthluta kvótasæti til Íslands til keppenda í tvíðaleik karla í badminton og hefur Badmintonsamband Íslands staðfest úthlutunina til ÍSí. ÍSí hefur þegar sent staðfestingu til framkvæmdaraðila leikanna að Ísland sendi keppendur í greinina.

Beðið er eftir endanlegri staðfestingu frá EOC varðandi þátttökurétt í bogfimi og skeet (haglabyssugrein í skotíþróttum).

4. Heiðranir

Samþykkt að veita eftirfarandi einstaklingum Gullmerki ÍSÍ á ársþingi ÍF 15. apríl nk.:
Jóhanni Arnarsyni, Karli Þorsteinssyni og Margréti Kristjánsdóttur.

5. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 336. fundar framkvæmdastjórnar, staðfest með lagfæringu á mætingaskráningu.

6. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

7. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir stjórnar verða 17. apríl og 4. maí nk.

8. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari